



Alþingi - iðnaðarnefnd
Ingvar Þór Sigurðsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110019
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, 367. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 22. nóvember 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun, 367. mál, tilfærsla vatnamælinga, gagnaöflun um orkulindir o.fl.

Orkustofnun styður frumvarpið en bendir á að stofnunin telur að forsenda þess að mats, sem fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, um að ekki verði kostnaðarauki samfara breytingum samkvæmt frumvarpinu, er að ekki verði um að ræða hækkanir á gjaldskrá vatnamælinga fyrir þá vinnu sem unnin er fyrir Orkustofnun eftir að starfsemin færist til Íslenskra orkurannsókna.

Virðingarfyllst

Elín Smáradóttir